

## Fundargerð 156. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 16. september 2021 kl. 11:00 á skrifstofu VM Stórhöfða 29 og í gegnum fjarfundarbúnað.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Andrés Bjarnason, Sigurður Jóhann Erlingsson og Pétur Freyr Jónsson

Fjarverandi: Agnar Ólason

### Dagskrá :

#### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 155.

Fundargerð samþykkt og undirrituð

- Skýrsla formanns.** Ferð eldri félagsmanna var farin þann 26. ágúst sl. og var mjög vel heppnuð. Heldur færri voru í ferðinni en undanfarin ár. Höfum oftast verið með 2 rútur en nú var bara ein og skráðu sig 48 í ferðina. Formaður sagði frá því að honum hafi verið boðið á golfmót félaganna á Akureyri 11. september sl. og að sjálfsögðu hafi hann farið. Það hefur verið mikið fundað innan ASÍ, en ekki hægt að mæta á þá alla vegna funda út af sjómannasamningum. ASÍ er að reyna að gera sig mjög gildandi í þessari kosningabaráttu. Þing ASÍ var sett og flautað af eins og fram kom á síðasta fundi. Eftir að þinginu var slitið þá var sjónvarpað umræðum hjá alþingismönnum. Eitt sem kom fram í málefnavinnu þarna var um skattamál, skýrsla um skatt og ójöfnuð, (hægt að nálgast hana á heimasíðu ASÍ) formaður spurði hvort menn vildu fá efni frá ASÍ undir stjórnarfundina og svo er þ.e. ef það er eitthvað áhugavert. Í lok september er þing ASÍ ung, og eigum við fulltrúa þar. Vinna er í gangi með IÐUNNI út af námssamningum, skólunum hefur verið falið að sjá um útfærsluna á þessu. Þetta er alls ekki komið á koppinn, verið að tala um að þegar þú tekur smiðjuna þá verður þú sendur á milli smiðja, lærir þetta á einum stað og annað á öðrum, ferilbókin á að halda utan um það. Formaður segist ekki mjög hlynntur þessu en veit samt ekki hvernig hann vill hafa þetta. Vill að IÐAN komi meira að málinu. Horft er mest til Danmerkur með þessa útfærslu en þeir vinna þetta svona. Nefndin sem var skipuð til að tala við fyrrum formann hefur komist að niðurstöðu en það á eftir að skrifa hana formlega. Stefnt er á að reyna að funda með honum fyrir mánaðarmótin til að klára þetta mál. Erum að reyna að koma málefnum sjómanna fram hingað og þangað. Iðnaðrasamfélögin hér eru þessa dagana að boða þingflokkanum til okkar í spjall. Í vikunni kom Sjálfstæðisflokkurinn og á morgun eru Vinstri grænir. Við erum svo margir formennirnir hérna að við skiputum þessu á milli okkar. Formaður sat fundinn með Sjálfstæðisflokknum og fór þar aðeins yfir fiskverð. Formaður benti á að í Fréttablaðinu í dag sé auglýsing frá okkur, virðisikeðjan. Bylgjan hringdi og tók viðtal við hann rétt fyrir fundinn. Almennatengillinn okkar hefur hvatt okkur til að svara öllu og tala um þetta allstaðar þar sem við getum. Formaður sagði frá því að þegar golfmótið var fyrir norðan þá hefði hann verið fenginn til að tala á fundi sósíallistaflokksins. Þeir eru sammála því að það þurfi að efla iðnamið, taka inn fleiri nema. Iðnfélögin eru alltaf að reyna að koma

sér á framfæri og nýjsta er konur í iðnaði, blað sem fylgdi Fréttablaðinu. Svo er verið að skoða þætti sem hægt er að kaupa á Hringbraut þar sem menn ræða einhver ákveðin málefni. Verið er að skoða hvað kostar.

3. **Kjaramál.** Í kjaramálunum höfuð við mest verið að funda með sjómönnum. Sáttasemjari reyndi að teyma okkur lengra og lengar og vildi þá að þeir slitu þó svo við hefðum sagt honum að þeir myndi aldrei slíta, endaði svo með að við slitum. Formaður sýndi auglýsingar sem hafa verið að birtast frá okkur, Sjómannafélagi Grindavíkur og Sjómannafélag Íslands. Spurt var hvort Stýrimennirnir og Sjómannasambandið hefðu ekki viljað vera með og formaður sagði svo ekki vera en öllum var boðið að vera með. Við fórum í vinnu með SFS, Félagi skipstjórnarmanna og sjómannasambandinu þar sem útbúið var plakati og app um brottkast, formaður sýndi plakatið. Við erum líka í ýmsum öðrum kjarasamningum, gæslan og hafró hafa ekki klárast ennþá, snýr að vinnutímastyttingu og svo Kerfóðrun, sá samningur er tengdur ÍSAL, en þar á eftir að ganga frá vinnutímastyttingu. Spurt var hver staðan með kjarasamningana á netið væri? Nokkrir komnir, einhverjir bíða eftir samþykki, stefnt á að klára fyrir áramót.
4. **Vinnustaðaeftirlit.** Formaður sýndi bréf sem barst frá félögunum fyrir norðan varðandi samstarf við vinnustaðaeftirlit og spurði hvort við ættum ekki að vera með áfram? Það var samþykkt.
5. **Lagt fram til upplýsingar.**

**Sjúkrasjóður.** Starfsmaður sjúkrasjóðs kom inn á fundinn. Hún var búin að taka saman tölur síðustu 7 mánaða til að bera saman við hin iðnaðarfélögin. Einhverra hluta vegna er eykst aðsókn í sjóði hjá hinum félögunum á meðan það dregst saman hjá okkur. Við fórum í að auglýsa forvarnarstyrki hjá okkur en það hefur ekki orðin nein aukning svo teljandi sé. Einar sagði að pabbi sinn væri hjá Rafiðnaðarsambandinu og hafi fengið líkamsræktarstyrk upp í hjól sem hann keypti sér en Elín sagði að þetta væri ekki skattskyldur styrkur svo framalega sem hann væri nýttur í líkamsrækt ekki kaup á búnaði. Stungið var upp á að fara í kynningu á hverjum styrk fyrir sig, t.d. einn á viku, á heimasíðu og á facebook. Farið verður í að skoða hvort og hvernig best er að samræma styrki svo öll félögin séu með svipað (hluti af samstarfinu) stjórn sjúkrasjóðs mun funda fljótlega um þetta.
6. **Önnur mál.**
  - **VM\_Fundarsalur - Hljóð og myndkerfi - 20210910**

Við erum að innrétta tvo sali niðri annar er okkar og hinn á Rafiðnaðarsambandið. Nú er komið að því að velja hljóðkerfi og velja þarf hljóðkerfi í salina sem tala saman. Spurt var hvað kæmst margir í salinn, það er í kringum 100 manns og hvað hefur kostað að halda aðalfundi á hótelum? Mikilvægt að vera með sal þar sem við getum haldið þessa fundi sjálfir. Kerfið kostar tæpar 5 milljónir. Samþykkt af öllum sem sátu fundinn.
  - Spurt var hvenær stjórn fengi að sjá einhverjar tölur varðandi breytingar á húsnæðinu. Tölur koma um leið og eignaskiptasamningur liggur fyrir, eins og staðan er núna þá erum við að greiða fyrir allar framkvæmdir í sameign ásamt okkar og um leið og hægt verður að deila kostnaðinum sjáum við betur hver okkar hlutur er.



VM Félag vélstjóra og málmæknimanna

- Benti Var á að í síðustu fundargerð hafi staðið að formaður ætlaði að koma með tillögu að breytingu á lögum félagsins. Formaður sagðist því miður ekki hafa haft tíma til að fara í þetta.

Fundi slitið 15:00